

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti	
ANR 16090038	Ábmr. H4
Mátal. 11.3.1	Aðrir 65P
Mötr. 29.11.2016	
Aths.	



Garði, 24.11.2016  
1609022 MS

13.01.01

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðun  
Bt. Hinrik Greipsson  
Skúlagötu 4  
150 Reykjavík

Efni: Byggðakvóti fiskveiðisins 2016/2017.

Bæjarráð Sveitarfélagsins Garðs samþykkti á fundi sínum þann 24. nóvember 2016 að óska eftir að gerð verði breyting á reglugerð 641/2016, um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiarinu 2016/2017, samkvæmt eftirfarandi:

*50% úthlutaðs byggðakvóta verði skipt jafnt milli þeirra fiskiskipa sem uppfylla skilyrði reglugerðar nr. 641/2016 og lönduðu botnfiskafla á fiskveiðiarinu 2015/2016 og 50% verði skipt hlutfallslega, til sömu skipa, miðað við allan landaðan botnfiskafla í tegundum sem hafa þorskígildisstuðla, í þorskígildum talið á tímabilinu 1. sept. 2015 til 31. ágúst 2016.*

*Jafnframt er ítrekað að þar sem ekki er löndunarhöfn í Garði verði fullgilt að fiskiskip landi afla í öðru sveitarfélagi, en til vinnslu í Garði.*

Rök fyrir þessari breytingu eru einkum þau að með þessari tillögu munu fleiri fiskiskip fá úthlutað byggðakvóta en ef öllum byggðakvóta væri skipt hlutfallslega miðað við landaðan botnfiskafla í tegundum sem hafa þorskígildisstuðla. Þannig mun úthlutaður byggðakvóti til Garðs nýttast fleiri aðilum til atvinnusköpunar í sveitarfélaginu, sem er afar mikilvægt.

Virðingarfyllt,

Magnús Stefánsson  
Bæjarstjóri Garðs